



95. stjórnarfundur

Dagsetning	23.10.2025
Tími	16:00
Fundi lauk	17:15
Staðsetning	Flugvellir 33

Stjórnarmenn boðaðir:

Trausti Arngrímsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Sigursveinn Bjarni Jónsson, Birgir Örn Ólafsson, Birgitta Rún Birgisdóttir, og Eypór Rúnar Þórarinsson slökkviliðsstjóri.

Forföll:

Dagskrá fundar

1. Skýrsla slökkviliðsstjóra 1
2. Staða fjármála 1
3. Gjaldskrá 2026 2
4. Erindi frá Reykjanesbæ 2
5. Æfingarsvæði Slökkviliða 2
6. Ráðningarsamningur slökkviliðsstjóra 2
7. Önnur mál 2

Fundargerð

1. Skýrsla slökkviliðsstjóra

Slökkviliðsstjóri fór yfir tölfræði fyrir september mánuð. Sjúkraflutningar voru 368 og útköll á dælubíl voru 26. Einnig var farið yfir heildarútköll á árinu en sjúkrabíll hefur farið í 3044 útköll og er aukning um 33 útköll frá 2024. Dælubíll hefur farið í 238 útköll á árinu og er aukning á milli ára 62 útköll.

Slökkviliðsstjóri fór yfir brunavettvang að Klettatröð 3. Aðgerðir gengu vel þar sem 23 aðilar voru að störfum og skipti notkun dróna höfuðmáli við slökkvistarf. Mikið reyndi á reykkafera á vettvangi en allir aðilar stóðu sig vel.

Vinna við Brunavarnaráætlun er enn í gang í en áætlunin er í endurskoðun hjá HMS.

Starfsmannamál:

Slökkviliðsstjóri tilkynnir að búið sé að ráða í lausar stöður innan liðsins.

Þrír aðilar fara í Bráðatækninám árið 2026.

Kafaranámskeið er í gangi þessa dagana.

2. Staða fjármála

Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu fjármála.



Staða fjármála er góð.

3. Gjaldskrá 2026

Slökkviliðsstjóri leggur fram tillögu að gjaldskrá fyrir árið 2026. Lagt er til 5% hækkun á gjaldskrá.

Samþykkt samhljóða.

4. Erindi frá Reykjanesbæ.

Tekið fyrir erindi frá Reykjanesbæ sem frestað var á stjórnarfund nr. 94.

Málið rætt og slökkviliðsstjóra falið að vinna málið áfram.

5. Æfingarsvæði slökkviliða

Slökkviliðsstjóri kynnir fyrir stjórn sameiginlega vinnu sem er í gangi í samvinnu við HMS og önnur slökkvilið.

Ferjutröð 15 er hugsað sem framtíðaræfingarsvæði fyrir slökkvilið landsins. Viðræður standa yfir milli BS, HMS og annara slökkviliða sem öll hafa sýnt áhuga að taka þátt í þessu verkefni. HMS er einnig að vinna skýrslu um málið.

6. Ráðningarsamningur slökkviliðsstjóra

Tekin er fyrir viðauki við ráðningarsamning slökkviliðsstjóra og launaliður endurskoðaður í takt við endurskoðanir hjá öðrum stjórnendum hjá Reykjanesbæ.

Viðauki samþykktur samhljóða.

7. Önnur mál

Ekki lágu fyrir önnur málefni.